

## Aðalfundur Hörpu tónlistar – og ráðstefnuhúss ohf.

### FUNDARGERÐ

Aðalfundur Hörpu var haldinn þriðjudaginn 29. apríl 2013 og hófst kl. 16:00 á Háalofti, á 8. hæð Hörpu

#### Mætt voru:

Guðfinna S. Bjarnadóttir - stjórnarformaður Hörpu  
Illugi Gunnarsson – mennta- og menningarmálaráðherra  
Sigríður Hallgrímsdóttir – aðstoðarmaður mennta- og menningarmálaráðherra  
Hrólfur Jónsson – skrifstofustjóri hjá Reykjavíkurborg  
Þórhallur Arason – skrifstofustjóri hjá fjármála- og efnahagsráðuneyti  
Þórunn Sigurðardóttir – stjórnarmaður Hörpu  
Ellý Katrín Guðmundsdóttir - borgarritari  
Vignir Rafn Gíslason – endurskoðandi PwC  
Ingibjörg Þorbergsdóttir – PwC  
Guðbjörg Bjarnadóttir – sendiráð Íslands í Washington  
Ásta Benediktsdóttir – ráðuneytisstjóri mennta- og menningarmálaráðuneyti  
Halldór Guðmundsson – forstjóri Hörpu  
Auður Árnadóttir – fjármálastjóri Hörpu  
Sunna Hrönn Sigmarsdóttir – starfsmaður Hörpu  
Karitas Kjartansdóttir – starfsmaður Hörpu  
Helga Thors – starfsmaður Hörpu  
Steinunn Birna Ragnarsdóttir – starfsmaður Hörpu  
Elva Dögg Melsteð ritaði fundargerð

#### Þetta gerðist:

##### 1. Fundarstjórn

Formaður stjórnar setti fundinn, bauð gesti velkomna, og lagði til að Ellý Katrín Guðmundsdóttir borgarritari tæki að sér fundarstjórn. Samþykkt.

##### 2. Fundarritun

EKG lagði til að Elva Dögg Melsteð starfsmaður Hörpu ohf. ritaði fundargerð. Samþykkt.

##### 3. Könnun á lögmæti fundar

Til fundarins var boðað í samræmi við lög og samþykktir félagsins með auglýsingu í Fréttablaðinu þann 15. apríl síðastliðinn. Af hálfu hluthafa mætti, Illugi Gunnarsson mennta- og menningarmálaráðherra, Þórhallur Arason með umboð frá fjármála- og efnahagsráðherra (54%) og Hrólfur Jónsson skrifstofustjóri með umboð frá Jóni Gnarr borgarstjóra (46%).

Fundarstjóri kallaði eftir athugasemdum við boðun eða dagskrá fundarins. Engar athugasemdir komu fram og lýsti fundarstjóri fundinn lögmætan.

##### 4. Skýrsla stjórnar og ársreikningur Hörpu 2013

Formaður stjórnar og forstjóri fluttu skýrslur um starfsemina á síðasta ári. Forstjóri gerði grein fyrir niðurstöðum ársreiknings og helstu skýringum.

Ársreikningurinn sem stjórn hafði samþykkt og undirritað var staðfestur.

##### 5. Ákvörðun um hvernig fara skal með hagnað eða tap og um arð og framlög í varasjóð.

Stjórn lagði til að afkoma ársins yrði flutt yfir á næsta ár. Samþykkt. Hér breytti fundarstjóri röð skv. boðaðri dagskrá svo hægt væri að kjósa stjórn samkvæmt nýjum samþykktum.

## 6. Tillaga um breytingu á samþykktum

Stjórn félagsins gerir þá tillögu um að 1. mgr. 15. gr. samþykpta félagsins verði breytt á þann veg að kveðið er á um að stjórn félagsins skuli vera skipuð fimm mönnum en ekki sjö líkt og núverandi samþykktir gera ráð fyrir.

1. mgr. 5. gr. samþykktanna verði því með eftirfarandi hætti:

„Stjórn félagsins skal skipuð fimm mönnum kjörnum á aðalfundi til eins árs í senn. Formaður stjórnar skal vera kjörinn sérstaklega. Stjórnarkjör skal vera skriflegt ef þess er óskað.“

Tillagan var samþykkt.

## 7. Tillaga um breytingu á starfsreglum stjórnar

Í samræmi við breytingar á samþykktum félagsins um fækkun stjórnarmanna gerir stjórn félagsins þá tillögu að grein 1.1. í starfsreglum stjórnar verði breytt á þann veg að kveðið sé á um að stjórn félagsins er fimm manna skipuð til eins árs í senn. Þá verður einnig gerð samsvarandi breyting á grein 1.3. í tengslum við fækkun stjórnarmanna. Tillagan var samþykkt.

## 8. Kosning stjórnar

Fyrir fundinum lá tillaga um 5 manna stjórn.

Tillagan var samþykkt og er stjórn þannig skipuð:

1. Guðfinna S. Bjarnadóttir, formaður
2. Vilhjálmur Egilsson
3. Kjartan Örn Ólafsson
4. Svanhildur Konráðsdóttir
5. Ásta Möller

## 9. Kosning endurskoðanda

Ríkisendurskoðun fer með endurskoðun reikninga félagsins, sbr. 6 grein laga nr. 86/1997 um Ríkisendurskoðun.

## 10. Ákvörðun um greiðslur til stjórnarmanna fyrir störf þeirra á starfsárinu.

Fyrir fundinum lá tillaga um að þóknun stjórnarmanna verði óbreytt. Tillaga samþykkt.

## 11. Tillaga að starfskjarastefnu.


Í samræmi við lög verður Harpa ohf. að setja sér starfskjarastefnu. Tillaga stjórnar að starfskjarastefnu lá frammi á fundinum og var hún samþykkt.

## 12. Önnur mál

Illugi Gunnarsson kvaddi sér hljóðs. Þakkaði stjórn, starfsmönnum og fráfarandi stjórnarmönnum vel unnin störf en sérstaklega þórunni Sigurðardóttur sem hefur verið vakin og sofin yfir þessu verkefni í mörg ár. Ræddi einnig mikilvægi Hörpu í íslensku samfélagi.

Fundarstjóri tók undir orð Illuga um leið og hún sleit fundi kl 16:47.

Fundurinn fóll fundarstjóra og fundarritara að ganga frá fundargerð aðalfundarins til birtingar á heimasíðu félagsins. Samþykkt var að fela lögmannsstofunni BBA að ganga frá öllum nauðsynlegum tilkynningum til hlutafélagaskrár ríkisskattstjóra er stafa af þeim ákvörðunum sem teknar hafa verið á hluthafafundinum.



Ellý Katrín Guðmundsdóttir, fundarstjóri



Elva Dögg Melsteð, fundarritari